

Nd.

771. Nefndarálit

um frv. til l. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt mál þetta mjög ýtarlega á mörgum fundum og haft samráð við marga aðila þess. Nefndin telur meginstefnu frv. mjög til bóta: að efla vísindalegar rannsóknir í þágu atvinnuvega þjóðarinnar, taka upp kennslu í náttúrufræðum við háskólann og tengja atvinnudeildina Háskóla Íslands, eins og er um aðrar háskóladeildir. N. flytur ýtarlegar brtt. á sérstöku þingskjali, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu. Leggur n. til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Alþingi, 11. apríl 1946.

Sigfús Sigurhjártarson,
form.

Gunnar Thoroddsen,
fundaskr., frsm.

Barði Guðmundsson.

Sig. Bjarnason.

Páll Þorsteinsson,
með fyrirvara.